

**REGLUR****um endurskinsmerki á björgunarbúnaði íslenskra skipa.****1. gr.**

Eftirtalin björgunartæki skulu búnin viðurkenndum endurskinsmerkjum til að auðvelda leit af sjó og úr lofti:

Björgunarbátar, slöngubátar, gúmmibjörgunarbátar, bjargbelti og bjarghringir.

**2. gr.**

Á báðar hliðar björgunarbáta skal upp við borðstokk, með 50 cm. millibili, fest endurskinsmerki sem eru 5 cm. breið og 30 cm. löng að minnsta kosti, samskonar merkjum skal komið fyrir ofan á borðstokk. Nægilegt er að hafa 4 merki á hvorri hlið og hvorum borðstokk á bátum, sem eru lengri en 7.3 m (24 fet) og 3 á styttri bátum. Þar sem hlífðartjalds er krafist á björgunarbátum, skulu tvö merki eins og að ofan greinir límd í kross á miðjan topp tjaldsins.

Tjaldlausir slöngubátar skulu búnir 2—4 slíkum merkjum á hvorri hlið, þannig að sjáanleg eru af sjó og úr lofti, sé á þeim hlífðartjald, skal á það límdur kross eins og að ofan greinir.

Gúmmibjörgunarbátar skulu búnir minnst 4 merkjum með jöfnu millibili á tjaldi við flothólfið, auk krossa á tjaldtoppi og botni, hvert merki skal eigi vera minna en  $5 \times 30$  cm.

Á bjargbeltum, sem ekki eru klædd endurskinsefni, skulu vera 4 endurskinsmerki,  $5 \times 15$  cm. að stærð, á hvorri hlið beltisins, eða 6 merki  $5 \times 10$  cm. að stærð.

Bjarghringir skulu búnir 4 endurskinsmerkjum, 5 cm. breiðum, sem fest eru utan um hringinn með jöfnu millibili.

**3. gr.**

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

**4. gr.**

Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 10. september 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ****um heimilisþjónustu á Ísafirði.****1. gr.**

Félagsmálaráð í umboði bæjarstjórnar fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Ísafirði. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum bæjarstjóra, eða annars starfsmanns er það væri falið sérstaklega.